



Sýslumannafélag Íslands

Hafnarstræti 1 - 400 Ísafjörður • Kt. 541207-1550

Sími 458 2400 • Netfang sýslumannafelagid@syslumenn.is • Vefur www.syslumenn.is

Ísafirði, 8. mars 2021.

Dómsmálaráðuneytið

- sent um samráðsgáttina á www.island.is

Efni: Umsögn um mál nr. 61/2021. Kosningar til Alþingis - drög að frumvarpi til breytinga á lögum um kosningar.

Ekki eru gerðar athugasemdir við ákvæði ofangreindra frumvarpsdraga um annað en það sem kemur fram í ákvæði til bráðabirgða. Er ákvæðið svohljóðandi (og sá hluti þess sem athugasemdirnar taka til hafður skáletraður):

„Sýslumenn skulu, hver í sínu umdæmi, í samráði við sóttvarnaryfirvöld, skipuleggja atkvæðagreiðslu utan kjörfundar vegna þeirra sem ekki geta sótt kjörfund á kjördag eða greitt atkvæði á þeim stað sem regluleg utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram, sökum þess að þeir eru í sóttkví eða einangrun vegna COVID-19 farsóttarinnar. Skal sýslumaður auglýsa hvar og hvenær slík atkvæðagreiðsla fer fram en hún má þó ekki hefjast fyrr en 5 dögum fyrir kjördag.

Kjósanda sem ekki getur sótt kjörfund á kjördag sökum þess að hann er í einangrun vegna COVID-19 farsóttarinnar er heimilt að greiða atkvæði á dvalarstað. Beiðni þar um skal berast hlutadeigandi sýslumanni, ásamt staðfestingu heilbrigðisyrvalda á að viðkomandi sé í einangrun fram á kjördag, eigi síðar en kl. 10 á kjördag, sé kjósandi staddur í því kjördæmi sem hann á kosningarrétt í, annars eigi síðar en kl. 10 tveimur dögum fyrir kjördag. Sama á við um þann sem er í sóttkví afsömu ástæðu og er ókleift að greiða atkvæði utan dvalarstaðar. Skal þá kjósandi gera grein fyrir hvers vegna honum sé ókleift að greiða atkvæði utan dvalarstaðar.

Kjósandi sem er í sóttkví eða einangrun vegna COVID-19 telst hvorki fær um að árita kjörseðilinn á fyrirskipaðan hátt né undirrita fylgibréfið og því skal kjörstjóri veita honum aðstoð til þess, án þess að nokkur annar sjái.

Sýslumaður ákveður hverjir skulu vera kjörstjórar og getur í sinn stað tilnefnt sérstakan trúnaðarmann til að sjá um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar.

Ákvæði XII. kafla gilda um atkvæðagreiðsluna eftir því sem við á.

Synja má um atkvæðagreiðslu telji sóttvarnaryfirvöld að henni verði ekki við komið án þess að tefla heilsu kjörstjóra eða annarra í hættu. Sú ákvörðun er endanleg.

Ráðherra skal í reglugerð kveða á um form og efni umsókna sem og undirbúning, fyrirkomulag og framkvæmd kosninga skv. ákvæði þessu.


Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2022.“

Þótt vonandi hafi tekist að kveð COVID-19 niður áður en gengið verður til næstu Alþingis-kosninga hefur reynslan sýnt að valt er að treysta á það.

Úr röðum sýslumanna hafa komið fram sjónarmið um að ekki sé nægilega tekið tillit til ýtrustu sóttvarna starfsmanna sýslumannsembætta (kjörstjóra eða sérstaks tilnefnds trúnaðarmanns) sem kunna að þurfa að fara inn á heimili eða dvalarstað þess sem er í sóttkví eða einangrun vegna COVID-19 og óskar eftir að nýta rétt sinn til að greiða atkvæði. Þykir orðalagið „Synja má um atkvæðagreiðslu telji sóttvarnaryfirvöld að henni verði ekki við komið án þess að tefla heilsu kjörstjóra eða annarra í hættu. Sú ákvörðun er endanleg.“ tæpast nógu afgerandi og óvíst að allir

séu reiðubúnir að fara inn á heimili eða dvalarstað skv. framanrituðu á grundvelli þessa áskilnaðar eins.

Sýnist rétt að gera kröfu um að kjörstjóri eða þessi sérstaki trúnaðarmaður sýslumanns skuli alla jafna vera starfsmaður heilbrigðisstofnunar eða hafa kunnáttu og yfir að ráða búnaði sem tryggir sóttvarnir og öryggi viðkomandi og að heilbrigðisyfirvöld skuli eftir föngum veita aðstoð við að koma þessum áskilnaði í kring.



Jónas Guðmundsson
formaður stjórnar Sýslumannafélags Íslands